



6. bekkur - námsgrein: LEIKLIST - kennari:

- tímafjöldi:

Námsgögn:

Lykilhæfni:

- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undir- búning og sköpun leikpáttar,
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína,
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leik- þætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu,
- sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum),
- sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,
- rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.

Grunnþættir:

Á þessu stigi byrja nemendur að meta eigin getu í leiki á sviði og í myndum, og vinna að því að bæta við sig og rækta hæfileika sína. Leiklist er skoðuð gegnum menningarlegar og sagnfræðilegar linsur, en líka eftir þema og hugtök. Andrúmsloft trausts og virðingar er eftir í hópnum, þar sem hver þátttakandi getur unnið að efla sjálfstraust og ábyrgð. Nemendur mega velja um að koma fram í senum, sem einstaklingar, eða í talandi kór.



Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggð er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat

ANNARÁÆTLUN



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
Til dæmis vika, 2 vikur, mánuður, alla önnina...				

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.